

## Ritdómur

*Í helgum steini* eftir Karl Sigurbjörnsson,  
Reykjavík: Skálholtsútgáfan – Útgáfufélag þjóðkirkjunnar, 2018, 415 bls.

„Það er list að tala inn í hraðfleygan nútímann og fá fólk til að nema staðar um stund og hlusta. Séra Karli Sigurbjörnssyni, biskupi, tekst það með eftirminnilegum hætti í þessari bók sem geymir úrval af ræðum hans frá því hann settist í helgan stein.“ Þannig segir á baksíðu bókarinnar *Í helgum steini* sem hefur að geyma prédikanir séra Karls Sigurbjörnssonar.

Undir þessi orð skal tekið hér. Þetta er bók sem nær athygli lesandans, hefur mikið að bjóða, flytur vissulega gamalkunnan boðskap en gerir það á þann hátt að talað er inn í aðstæður samtímans með ferskum hætti. Höfundurinn er vel lesinn, ekki bara í guðfræði, heldur bókmenntum almennt og fylgist vel með í orðræðu samtímans. Stíllinn er léttur og lipur og það á sinn þátt í að fá lesandann til að lesa áfram. Persónuleg minningabrot sem ræðurnar hafa að geyma lífga síðan mjög upp á lesturinn.

Það er, held ég, býsna ríkjandi skoðun að það sé varla eða jafnvel alls ekki grundvöllur lengur fyrir því að gefa út prédikanasöfn í bókarformi. Útgáfa bókarinnar *Í helgum steini* afsannar þá skoðun, eða er þá a.m.k. undantekning frá reglunni. Bókin hefur þegar selst mjög vel og heillaóskaskrá í bókarlok sýnir að hún ratar í hendur fjölmargra lesenda, velvildarfólks Karls biskups sem ætla má að hafi áhuga á innihaldinu. Ég er sannfærður um að áskrifendur verða ekki fyrir vonbrigðum, né heldur aðrir lesendur.

### Inngangur

Í inngangsorðum bókarinnar gerir Karl að umtalsefni orðalagið að „setjast í helgan stein“ sem vísar til þess þegar fólk lætur af störfum. Þar sé vísað til hvíldar og kyrrðar sem líkja mætti við kirkju eða klaustur, hinn helga stein. Karl lét af biskupsembætti 1. júlí 2012 en í árslok 2013 var hann beðinn að hlaupa í skarðið og sinna prestsþjónustu í Dómkirkjunni. Því tók hann fegins hendi og þar þjónaði hann allt til síðustu áramóta. Og Dómkirkjunni líkir hann við fornan, helgan stein og vitnar síðan til frásagnar Annarrar Mósebókar af því er Móse sló staf sínum á steininn og „út spratt svalandi vatn til blessunar hinum þjáðu og þreyttu“ (bls. 5). Um prédikunina segir hann þetta: „Prédikunin er útlekking orða Biblíunnar, viðleitni til að heimfæra merkingu þeirra og gildi fyrir samtímann, einstakling og samfélag, til að miðla, næra og styrkja trúna. Prédikun er persónuleg. Samt er klerkurinn í stólnum ekki framlag prédikunarinnar. Það er Drottinn Guð.“

## Persónulegir drættir

Höfundur leyfir sér, þrátt fyrir orðin hér að ofan, allvíða að gerast persónulegur í prédikunum sínum og það finnst mér tvímælalaust kostur. Ekki er bara verið að flytja kristna trúarkenningu heldur einnig að greina frá reynslu höfundar eða prédikarans af henni við ýmsar og ólíkar aðstæður. Þannig er og verður prédikunin sem flutt var á 65 ára afmæli Óháða safnaðarins eftirminnileg. Ástæðan er einkum sú að þar var Karl settur inn í embætti í febrúar árið 1973, sem sóknarprestur Ofanleitisprestakalls í Vestmannaeyjum. Söfnuðurinn var þá landflótta af völdum eldgossins í Vestmannaeyjum. Þessa reynslu rifjar hann upp í prédikun sinni, m.a. með orðunum „Skelfing var ég ungur þá og óburðugur“ (bls. 101). Hann lýsir því hvernig bæjarstjórn Vestmannaeyja ákvað að halda grunnstofnunum samfélagsins gangandi á fastalandinu og sóknarnefndin ákvað að halda uppi kirkjustarfi. Óháði söfnuðurinn bauð Vestmannaeyingum afnot af kirkjunni sinni og presturinn kom líka víða í sumarbúðabyggðir og vinnuskála til flóttafólks sem var í algerri óvissu um eigur sínar, lífsafkomu og framtíð. Því er ekki að neita að sitthvað í þessari lýsingu minnir á útleið Júdamanna í Babýlon á tímum Gamla testamentisins. Munurinn var sá að hér var um að ræða eina þjóð og hún sýndi hvað í henni bjó á ögurstundu.

„Einn þáttur í starfinu var að hafa bænastundir í útvarpinu — já, þetta var áður en mörlandinn varð undirlagður af trúarfælni og óþoli gagnvart kirkju og kristni eins og nú er raunin,“ skrifar Karl (bls. 104). Þegar gosinu lauk svo opinberlega um mánaðamótin júní-júlí var ákveðið að taka upp reglulegt messuhald í Vestmannaeyjum. „Það var fyrsta samfélagsuppbyggingin þar,“ skrifar Karl. Já, Vestmannaeyjagosið er merkilegur kafli í sögu lands okkar og þjóðar, þ.m.t. kirkjusögunni, og þessi prédikun Karls Sigurbjörnssonar er merk heimild um þann kafla af sjónarhóli prests hins sundraða safnaðar.

## Andóf gegn kristinni trú

Það fer ekki framhjá svo athugulum kennimanni eins og Karli Sigurbjörnssyni að markvisst er unnið gegn kristinni trú hér á landi og einnig trú og trúarbrögðum almennt. Þetta atriði, sem sumir talsmenn kristninnar kjósa af einhverjum ástæðum að loka augnum fyrir, nefnir Karl í nokkrum prédikana sinna. Þannig segir hann t.d.: „Það er lenska að gera lítið úr trú, hér á landi ríkir áberandi óþol og óvild gegn trú af hálfu þeirra sem ráðandi eru í orðræðu dagsins“ (bls. 105). Og annars staðar segir hann: „Það er alvarlegt að á sama tíma og allslags öfgar sækja fram, einsýni í trúar efnum og lífsskoðunum meir og minna undir formerkjum frelsisins, þá hefur uppeldi í trú og sið og fræðsla um grundvöll okkar opnu og rúmgóðu lútersku þjóðkirkju visnað og horfið“ (bls. 201).

Það er þó enginn uppgjafartónn í prédikunum Karls. Hann veit vel að andófið gegn kirkju og kristni er engin nýlunda í sögu kristninnar. Hann veit sömuleiðis að kirkjan er alls ekki yfir gagnrýni hafin og kirkjusagan geymir sitthvað sem er ekki í samræmi við grundvallarboðskap kristninnar. Hans ráð eru sýnilega þau að gera sér grein fyrir óvildinni, horfa ekki framhjá henni, vega og meta og flytja sinn kristna boðskap með kröftugum hætti inn í þær aðstæður, leita m.a. fanga í bókmenntum

og listum og nýta við nýjar og breyttar aðstæður, og prédika án þess að slaka á grunnatriðum kristninnar.

## Menningin

Allvíða í bókinni gerir Karl menninguna að umtalsefni, m.a. í samhengi við umræðuna um andóf gegn kristninni. Þannig skrifar hann m.a. í slíku samhengi: „En svo þegar þjóðsöngurinn ómar á risastórum leikvanginum og um bæi og torg hér heima og fólk, sem dagsdaglega hefur látið sem trú og kristni skipti engu máli, tekur undir og syngur Ó, *Guð vors lands* af einlægni og innlífun og finnur sig í þeim söng sem eina sál, eitt samfélag, þá fyllist maður von um að það sé ef til vill ekki svo ýkja djúpt á hinum kristna streng í þjóðarsálinni, þrátt fyrir allt“ (bls. 201).

Í prédikuninni „Undirstaðan“ sem var flutt á lýðveldishátíðinni 17. júní 2015 kemur menningin við sögu og þarf ekki að koma á óvart á þeim degi. Þar kemst Karl vel að orði er hann segir m.a.: „Menning er minning, sameiginleg minning. Ekkert samfélag þrífst án sameiginlegra minninga“ (bls. 185). Hann vísar til þess sem gerðist á Þingvöllum árið 1000 þegar Íslendingar tóku kristna trú. „Á þeim grunni var samfélagið reist, siðmenning mótuð, ræktuð og nærð. Þetta var þjóðarsáttmáli, og ávannst ekki í einu veffangi, heldur tók margar kynslóðir að rófesta, og er verkefni sem sérhver kynslóð þarf að sinna af alúð, og rifja upp og reyna að muna og tileinka sér. Því verður aldrei lokið ... Hin kristna trú ... er samhengið, grundvöllurinn, undir íslenskri menningu og grunnvatnið sem vökvar hana og nærir“ (bls. 186–187).

## Rímið

Stíll Karls minnir um margt um stíl dr. Sigurbjörns Einarssonar (1911–2008), föður hans, sem vafalaust var áhrifamesti prédikari 20. aldar hér á landi. Skyldleikinn birtist meðal annars í því sem ég vil kalla hugsanarím og er alþekkt í biblíufræðum, einkum hinum ljóðrænu textum Gamla testamentisins. Þá er sama hugsun sett fram tvisvar eða þrisvar með ólíku orðalagi. Og hið sama á við um andstæður. Svo að aðeins sé tekið eitt dæmi nánast af handahófi þá kemst Karl þannig að orði í ljósmæðramessu, 4. sunnudag í aðventu: „Barnið er hlekkur í lífskeðjunni frá því sem var, með bros og tár, baráttu og blessun, minningar og kvíða, hið ósagða og óhugsandi, vanda og vonir“ (bls. 36).

Það vill raunar svo til að Karl nefnir eina prédikunina sína „Rímið“ og er hún flutt á þrenningarhátíð. Þar bendir Karl á að þrenning rímar á móti menning og bætir við: „Menning er það sem gerir manninn að manni, og líf mannsins mennskt. Þrenning er rím, samhæfing, tjáir gagnkvæmni, samfélag guddómsins, sérhvers manns, tilveru allrar. Guð er kærleikur, af þeim kærleika er líf manns og vera sprottin, og til hans er því stefnt. Mennska mannsins er fólgin í því að ríma við GUD, lifa í samfélagi við Guð, þiggja líf sitt, líkama, sál og anda úr hendi hans. Elska náungann eins og sjálfan sig, gefa, fórna, virða, þjóna, líkna. Lifa með opinn faðm móti lífinu, náunganum, Guði“ (bls. 183). Vel að orði komist!

## Velheppnuð hönnun

Það er ástæða til að nefna að bókin er mjög smekklega hönnuð. Forsíðumyndin er eftir listakonuna Þorgerði Sigurðardóttur. Myndin sýnir fornt brauðmót með þakkarorðunum: Þökkum Drottni því að hann er góður og miskunn hans varir að eilífu. Þá setja smámyndir og tákn eftir Karl sjálfan skemmtilegan og persónulegan svip á bókina. Um þær segir Karl að þær séu að stofni til teikningar sem hann hafi verið með á sálmablöðum á árum sínum í Hallgrímskirkju. Síðan hafi bæst við „riss og dundur til hugarhægðar“ sem hann láti fylgja með til gamans (bls. 6). Og þó að bókin sé 415 blaðsíður að lengd þá er hún ekki stærri en svo að þægilegt er að handleika hana og halda á henni við lestur. Einnig má nefna hve rauður litur er nýttur til mótvægis við hinn hvíta og grúa lit bókarinnar. Það er smekklega gert og lífgar upp á bókina.

## Innskot

Á nokkrum stöðum í bókinni er að finna áhugaverða innskotskafla og eru þeir jafnan í ljóðfrænu formi, gjarnan persónuleg útlekking á einhverjum sálmum Saltarans. Skemmtilegt dæmi þessa er t.d. að finna á bls. 154 í texta sem höfundur nefnir „Við vötnin“:

*Leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta*

*Grænar grundir,  
blærinn andar í stór og strám,  
sólgít á dög,  
sælugaukur í suðri,  
iðinn óðinshani  
á dælunni,  
fiskejfluga sveimar hjá.*

*Friður Guðs.*

*Hann bressir sál mína  
og réttir hönd til að leiða mig áfram  
veginn.*

Þessir stuttu kaflar brjóta efnið skemmtilega upp og eru í sínu ljóðræna formi fallnir til þess að njóta og íhuga.

## Rauði þráðurinn

Sá lesandi sem vill spyrja sig hver sé kjarninn eða rauði þráðurinn í þeim prédikunum sem hér er að finna fær hjálp frá höfundinum sjálfum þegar í innganginum. Forsíðumyndin hafði að geyma þakkarorðin „Þökkum Drottni því að hann er góður og miskunn hans varir að eilífu.“ Þessi orð voru jafnframt borðbænin á bernskuheimili Karls og hafa fylgt honum síðan. Þessi þakkarorð sem eiga rætur sínar í 136. Davíðssálmi eru viðkvæðið í þeim sögulega þakkarsálmi. Það leynir sér heldur ekki við lestur prédikana Karls hve þakklætið og lofgjörðin til Drottins gegnir þar stóru hlutverki, já, er eins og rauður þráður gegnum alla bókina. Þar má nefna sem dæmi prédikunina „Borinn“ frá 19. sunnudegi eftir þrenningarhátíð. Frásögn þess sunnudegs fjallar um lama manninn og vini hans og segir Karl að hún sé sér einna hugstæðust allra frásagna guðspjallanna. Í þeirri prédikun segir hann m.a.: „Til að geta

lífað sem ábyrgur, fullorðinn einstaklingur, verður maður fyrst að vita sig vera barn. Orðið barn merkir það sem er borið. Tökum eftir því! Barnið sem borið er á ástar-  
örmum veit að það er elskað.“ Og hann segir litlu síðar: „Við erum alltaf og yfirleitt  
háð því að hvíla á tvennum örmum, hinum líffræðilegu og andlegu, foreldra, ástvina  
og Guðs. Við þurfum á báðum að halda. Við byrjum með því að hvíla ósjálfbjarga  
í örmum annarra, og endum í faðmi Guðs.“ Þarna kemur vel fram trú Karls og  
þakkargjörð sem er í fullu samræmi við rauða þráðinn í hinu læsilega og áhrifamikla  
prédikanasafni hans.

### **Læsileg og smekkleg bók**

Hér er um að ræða sérlega læsilega bók sem er smekklega úr garði gerð og hefur að  
geyma dýrmætán boðskap sem var hugsaður til flutnings en ekki til birtingar í bók,  
en reynist engu að síður njóta sín afar vel í bók. Þetta er bók sem flytur hinn kristna  
boðskap í fjölbreytileika sínum með ríkulegum og vel völdum dæmum um áhrif  
kristninnar á menningu og siðferði gegnum aldirnar, en ekki síst um hvernig kristnin  
hefur verið fólki athvarf og skjól við misjafnar aðstæður. Fyrst og fremst er bókin  
þó þakkargjörð, fagur vitnisburður um kristna trú og jafnframt kristin trúarjátning.  
Myndskreytingar höfundar í allri sinni hógværð kallast með vissum hætti á við forn  
íslensk handrit og eru meðal þess fjölmarga sem vísar aftur til íslenskrar kristni- og  
menningarsögu. Myndir og minningarbrott úr lífi höfundar gefa bókinni persónu-  
legan blæ sem eykur á gildi hennar.

Ég naut þess ríkulega að lesa þessa bók, hef lesið margar prédikananna oft en  
einu sinni og flestar hafa þær reynst enn betri við annan lestur. Þessa bók myndi ég  
hiklaust tilnefna til bókmenntaverðlauna, ef ég fengi einhverju um það ráðið.